

Kveðja frá forstjóra

Traustið mikilvægast

Það skiptir öllu fyrir íslenska mjólkurframleiðendur að vörur þeirra njóti trausts á markaðnum. Þess vegna þurfa gæðamál í mjólkurframleiðslu að vera í lagi og þess vegna þarf traust og virkt gæðaeftirlitskerfi í vinnslunni. Hluti af því að viðhalda trausti á markaðnum er einnig að viðbrögð við öllum frávikum séu ákveðin og að leyst sé hratt og örugglega úr málum. Þess vegna tók Mjólkursamsalan ákvörðun um innköllun fimm vörutegunda þegar í ljós kom í síðasta mánuði að um 23 mánaða skeið hafði verið notað óvottað iðnaðarsalt við framleiðslu þeirra í stað matarsalts. Þrátt fyrir að efnasamsetning vottaðs og óvottaðs salts sé sú sama taldi félagið fyrir öllu að neytendur velktust ekki í vafa um að það sem í boði er í verslunum sé fyrsta flokks vara úr fyrsta flokks hráefni og íblöndunarefnum.

Innan fimm daga frá því ákvörðun var tekin hafði MS afhent verslunum nýja framleiðslu þeirra fimm vörutegunda sem voru innkallaðar á mánudegi. Félagið framleiðir um 500 vörulínur. Þar sem salt kemur við sögu er nú alls staðar um að ræða vottað matvælasalt.

Í umfjöllun í fjölmiðlum um notkun iðnaðarsalts í matvæli hefur verið lagt út frá því, án frekari skýringa, að þetta salt hafi verið í sölu- og dreifingu hjá Ölgerðinni í 13 ár, til matvælafyrirtækja sem voru í viðskiptum við fyrirtækið. Þetta á ekki við um Mjólkursamsölna. **Mjólkursamsalan hefur alla tíð pantað vottað matvælasalt.** Á 23 mánaða tímabili fékk félagið afgreidda ranga salttegund til einnar af sex vinnlustöðvum sínum. 97,5% af saltnotkun félagsins á þessu tæplega tveggja ára tímabili var vottað matvælasalt, en því miður varð þess ekki vart í aðfangastýringu félagsins að 2,5% saltsins var af annarri gerð.

Félagið vikur sér vitaskuld ekki undan ábyrgð en telur sig samt sem áður fremur þolanda í málinu en geranda. Starfsmenn voru grandalausir gagnvart rangri afgreiðslu söluaðila saltsins, enda hafði matvælasalt verið pantað eins og ávallt áður og efnasamsetning saltsins sem afgreitt var til þeirra var hin sama og í matvælasalti.

Strax og stjórnendur Mjólkursamsölnnar fengu vitneskju um umrætt salt og að það sé ekki ætlað til matvælaframleiðslu var stöðvuð sala á þeim vörutegundum sem framleiddar höfðu verið með þessu salti, vörur innkallaðar úr verslunum



og birgðum eytt. Það er stefna Mjólkursamsölnnar að nota einungis fyrsta flokks hráefni og fyrsta flokks og vottuð íblöndunarefni til vinnslunnar. Það skapar traust í samskiptum við neytendur og smásöluaðila. Fyrstu vísbendingar eftir umræðu um saltmál eru að það hafi ekki haft neikvæð áhrif á stöðu Mjólkursamsölnnar og á stöðu mjólkurafurða á markaði.

2011 – ögrandi verkefni en góður árangur

Horfur eru á að afkoma Mjólkursamsölnnar árið 2011 verði svipuð og árið 2010 þegar um 1,6% hagnaður varð af starfsemi félagsins. Þetta er mikilvægur árangur í ljósi þess að tap varð af rekstrinum fyrstu þrjú árin frá stofnun félagsins í núverandi mynd. Þessi árangur náðist ekki fyrirhafnarlaust vegna þess að ýmislegt varð félaginu mótdrægt á árinu. Gengissig krónunnar kostaði félagið á annað hundrað milljónir króna í viðbótarkostnaði við innflutning á umbúðum og íblöndunarefnum auk viðbótar fjármagnskostnaðar. Kostnaðarhækkunar vegna kjarasamninga voru um 150 milljónir króna. Þá hækkaði kostnaður vegna mjólkurkaupa. Á móti náði félagið áfram árangri í hagræðingu í rekstrinum og fékk heimild til verðhækkana í febrúar og júlí. Megináherslur í leit að hagræðingarkostum voru í endurskipulagningu flutningakerfis félagsins, mjólkursöfnun og vörudreifingu. Það er til marks um þann árangur sem náðst hefur í því verkefni að árið 2011 var kostnaður félagsins vegna vöruflytninga sá sami og árið 2008. Það er mikilsverður árangur í ljósi þess að allur tilkostnaður við kaup og rekstur flutningatækja hefur hækkað um 60 – 70%. Þessi árangur í rekstrinum

og frekari hagræðingaraðgerðir sem eru í bígerð eru grundvöllur þess að Mjólkursamsalan undirbýr nú viðamikil fjárfestingaverkefni. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar í ostavinnslu á Akureyri, þökkun sýrðra vara og endurnýjun á húsnæði og tækjum á Selfossi auk nýrrar mjólkurþökkunarvælar í Reykjavík kosti félagið ríflega einn og hálfan milljarð króna á næstu tveimur árum.

Fundadagatal deildafunda Auðhumla

Aðalfundur Auðhumla verður haldinn á Selfossi 13.apríl nk.. Meðfylgjandi er fundadagatal deildafunda Auðhumla árið 2012. Fundunum er raðað þannig að byrjað er sunnanlands í byrjun mars og farið rangsælis kringum landið. Gert er ráð fyrir síðasta fundinum í Borgarfirði 14. mars. Deildarfundir Auðhumla eru mjög mikilvægur vettvangur fyrir stjórn og stjórnendur Auðhumla til að hlusta eftir viðhorfum almennra félagsmanna og til þess að koma á framfæri upplýsingum um starfsemina. Egill Sigurðsson, formaður stjórnar Auðhumla, og Einar Sigurðsson, forstjóri,

flytja inngangserindi á fundunum, fara yfir rekstur félagsins, markaðsstöðu mjólkurafurða, þróun í framleiðslunni og breytingar á vinnslufyrirkomulagi. Að því loknu verða umræður og fyrirspurnir.

Könnun á aðkomu að mjólkurhúsum

Á þessu ári hyggst Auðhumla láta fara fram könnun á aðkomu að mjólkurhúsum. Markmiðið er að draga saman á einum stað upplýsingar um aðkomu og umbúnað í mjólkurhúsum um allt land með það að markmiði að geta gert tillögur um úrbætur og verklagsreglur, sem auðveldi störf mjólkurbílstjóra og styrki gæðaimynd mjólkur. Þessi úttekt fer af stað með vorinu og allir framleiðendur verða látnir vita með góðum fyrirvara. Kappkostað verður að gera þessa könnun með stöðluðum aðferðum þannig að niðurstöður verði samanburðarhæfar.

Með kveðju,
Einar Sigurðsson forstjóri

Dags.	Kl.	Staður	Deild
2.mar	11:30	MS Selfossi	Flóa- og Ölfusdeild
5.mar	11:30	Kaffi-Sel Flúðum	Uppsveitadeild
6.mar	11:30	Hótel Hvolsvöllur	Mýrdalsdeild / Eyjafjalladeild / Landeyjadeild/Fljótshlíðar-, Hvols og Rangárvalladeild/Holta-, Landmanna-,Ása- og Djúpárdeild
7.mar	11:30	Hótel Kirkjubæjarkl.	Skaftárdeild
7.mar	20:30	Hótel Smyrlabjörg	Austur-Skaftafellsdeild
8.mar	13:30	Gistihúsið Egilsstöðum	Austurlandsdeild
9.mar	11:30	Hótel Sveinbjarnargerði	Norðausturdeild
10.mar	11:30	Víðihlíð í Víðidal	Austur-Húnaþingsdeild / Vestur- Húnaþingsdeild
12.mar	12:00	Leifsbúð Búðardal	Breiðafjarðardeild
13.mar	11:30	Hótel Ísafjörður	Breiðafjarðardeild
14.mar	11:30	Hótel Borgarnes	Snæfellsnes- og Mýrardeild / Borgarfjarðardeild / Hvalfjarðardeild

Mjólkuruppgjör verðlagsársins 2011

Verðlagsárið er nú það sama og almanaksárið. Í lok janúar kom því aukauppgjör (merkt „Uppgjör verðlagsársins“ í hægra horni ofarlega) vegna desember, til þeirra framleiðenda sem fengu viðbótarúthlutun á greiðslumarki vegna ársins 2011. Alls komu til endurúthlutunar á félagssvæði Auðhumla 2,4 millj. ltr. af ónotuðu greiðslumarki.

Verðmætaaukning til framleiðenda vegna þessarar útfjöfnunar á greiðslumarki nam um 90,7 milljónum án vsk. Umframmiólk á félagssvæðinu var því tæplega 8,1 millj. ltr. árið 2011.

Nokkrir framleiðendur hafa haft samband og fengið skýringar á aukauppgjörinu og þeim skjölum sem því fylgir. Til útskýringa fer uppgjörið þannig fram, að gerður er kreditafreikningur fyrir þeim lítrum sem endurkeyptir eru. Það eru ávallt fyrstu lítrarnir sem farið hafa í umframmiólk

hjá viðkomandi framleiðanda. Þessi bakfærsla nemur viðbótarúthlutun á greiðslumarki auk þeirra lítra umframmiólkur sem eru á hærra verði. Þetta er nauðsynlegt vegna þess að umframmiólkinn er á tveimur verðum þ.e. fyrstu 2% eru á hærra verði en restin.

Þessir sömu lítrar og voru bakfærðir, eru síðan endurkeyptir í tvennu lagi. Annars vegar sem greiðslumarksmjólk (sbr. viðbótarúthlutað greiðslumark) og síðan umframmiólk á hærra verðinu (2% þó með tilliti til þess hvernig stendur af sér á lítrum). Þessi bakfærsla og endurkaup hafa engin áhrif á flutningskostnað en hefur áhrif á gjald í stofnsjóð þar sem gjaldið er % hlutfall.

Allar frekari upplýsingar veitir Garðar Eiríksson verkefnastjóri, s. 480 1606 eða gardare@audhumla.is